

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 12.9.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson (HÚ), Jón Valgeirsson (JV)

2. Dagskrá

- 2.1. Útistandandi mál síðasta verkfundar
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- 2.3. Næstu skref og áfangar
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- 3.1. GD sagði frá tp. Til RARIK vegna hugsanlegrar lagningu á rafstreng að Tungufelli og Jaðri. Áhuga lýst f.h. Hrunaljóss á hugsanlegri þátttöku í verkinu ef til kemur. Beið svara frá RARIK. Undirbúningur að útfærslu á úthlutun úr Fjarskiptasjóði fer að hefjast fyrir árið 2019. Haft hefur verið samband við þau sumarhúsahverfi sem sýnt hafa verkefninu áhuga. Þeim verður áfram sinnt eftir því sem áhugi eykst.
- 3.2. Jarðvinnu við áfanga 1B er vel á veg kominn og blástur hafinn við áfangann. HÚ taldi að blástur hafi byrjað áður en endanlegar teikningar af áfanganum lægju fyrir. HÚ sagðist halda að skortur væri á teikningum vegna áfanga 1B. Áréttað var að nokkra daga svigrúm væri nauðsynlegt frá því að staðfesting á staðsetningu brunna og legu röra lægju fyrir í hverjum áfanga fyrir sig á verkfundi áður en hægt væri að gefa út verkeikningar vegna blástur og tenginga. Verktakar yrðu að skipuleggja verk sín skv. því. GD áréttaði að mikilvægt væri að unnið væri eftir útgefnum teikningum fyrir hvern áfanga fyrir sig. Ef verkfundir væru ekki nægjanlega þéttir væri auðsótt að fjölga þeim.
- 3.3. Breytingar ákveðnar í áfanga 3 sem er næsti áfangi og byrjað verður að plægja innan þess áfanga fyrir næsta verkfund. Fella út brunn við Ísabakka og setja aukarör að Hvítárholti. Sleppa röralögn, að svo stöddu, upp á Langholtsfjall innan áfanga 1B og meðfram Bræðratunguvegi í áfanga 3. Einnig var farið lauslega yfir áfanga 7 og 8.
- 3.4. HK áréttað (endurtekið) að nauðsynlegt væri að verktaki brygðist við endurtekinni beiðni um að ganga frá tengingum við dælustöðvar, bæði þær sem urðu fyrir rofi vegna útskiptingu á streng svo og öðrum dælustöðum sem nú þegar er hægt að tengja innan ljósleiðarakerfisins.
- 3.5. Fleira ekki rætt.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. GD breyting því sem nú þegar er ákveðið innan áfanga 3.